

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag hestúsasvæðis sunnan Hellissands, Snæfellsbæ.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 5. febrúar 2009 deiliskipulag hestúsasvæðis sunnan Hellissands, Snæfellsbæ.

Í deiliskipulaginu felst afmörkun 4 lóða fyrir hesthús, ásamt sameiginlegu gerði og svæði fyrir ökutæki. Þegar hefur verið byggt hús á einni lóðinni. Sett eru ákvæði um haugstæði og sunnan lóðanna er æfingasvæði fyrir hesta.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Snæfellsbæ, 27. febrúar 2009.*

**Smári Björnsson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 13. mars 2009